



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 2. október 2023  
MÍ202310-0004/ 6.09 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Vesturbyggð. Langholt-Krossholt. Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Með tölvupósti, dagsettum 28. júlí 2023, óskaði Skipulagsgáttin eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um óverulega breytingu á deiliskipulagi, Krossholt-Langholt, nr. 0594/2023.

Um er að ræða breytingu á aðkomuvegi inn á svæðið. Vegurinn er færður niður fyrir tvær lóðir þar sem áður skilgreint vegstæði reyndist ekki raunhæft vegna bleytu. Við þessa breytingu minnka tvær lóðir og byggingarreitir og verða eftir breytingu 0,8 og 1,5 ha í stað 1,32 og 1,9 ha. Neðan vegar verður skilgreint opið svæði. Að öðru leyti gilda skilmála gildandi skipulags.

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Jafnframt segir í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi byggðar og einstaka bygginga með gerð húsakönnunar. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast reglurnar á heimasíðu stofnunarinnar. Fornleifaskráning var ekki gerð við aðalskipulagsgerð Vesturbyggðar 2018-2035.

Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013.

Engin fornleifaskráning var gerð fyrir þetta svæði, en undirritaður hefur farið yfir skipulagssvæðið. Engar minjar virðast vera í hættu og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu. Hafa ber þó í huga að ávallt geta minjar leynst undir sverði.

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*